

FRÁ RITSTJÓRA

Í þessu hefti *Uppeldis og menntunar* eru sérstök afmælisgrein, sex ritrýndar greinar, fjórar styttri viðhorfsgreinar og tveir ritdómar. Ritrýndu greinarnar eru, eins og endranær, um ólík efni á sviði menntunarfræða eða um hugtakið sjálfstjórnun, yngstu börnin í leikskóla, nýja aðalnámskrá framhaldsskóla, brotthvarf úr framhaldsskóla, hvernig nota má hugtakið trú á eigin getu í leikskólarannsóknum og, um hlutverk háskóla-kennara. Skylt er að taka fram að ákvörðun um birtingu greinar Atla V. Harðarsonar um aðalnámskrána var tekin af ritnefndarfulltrúum öðrum en ritstjóra vegna þess að ritstjórinn er einn af leiðbeinendum Atla um doktorsritgerð um efni sem greinin tengist. Viðhorfsgreinarnar eru um íþrótt- og heilsufræði í samfélagi og skólakerfi. Ritstjóri þeirra og jafnframt höfundur fyrstu greinarinnar er Kristján Þór Magnússon, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Með þessu hefti lýkur stærsta árgangi tímaritsins, hann er samtals 349 síður.

Í afmælisgreininni er gerð grein fyrir brotum úr sögu tímaritsins. Haldið verður upp á 20 ára afmæli tímaritsins þann 26. nóvember með samkomu til heiðurs bæði tíma-ritinu og hinu afmælisbarninu, Jónasi Pálssyni fyrrverandi rektor Kennaraháskóla Íslands, sem verður níræður þann dag en fyrsta hefti tímaritsins var jafnframt afmælis-rit honum til heiðurs.

Á næsta ári verður tekið upp nýtt fyrirkomulag ritstýringar. Ritstjórar verða tveir, þau Guðrún V. Stefánsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Ritnefnd verður hér eftir ráðgefandi ritnefnd. Reyndar hefur vinnulag núverandi ritnefndar mjög færst yfir í það fyrirkomulag að vera ritstjóra til ráðgjafar, þótt formlega séð hafi ritnefndin borið ábyrgð á faglegum ákvörðunum um vinnulag við ritstjórnina og um birtingu greina. Þrír af fjórum núverandi ritnefndarfulltrúum verða í hinni nýju ráðgefandi ritnefnd og líklegt er að leitað verði til fleiri um þátttöku. Útgefendur og núverandi ritnefnd telja að með þessu nýja sniði verði ritstjórnin betri.

Ritnefnd og ritstjóri þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg við útgáfu þessa heftis: höfundum, ónefndum ritrýnum og þeim sem sjá um útgáfuna, prenta tímaritið og dreifa því til áskrifenda og annarra sem ritið kaupa.